

Mál nr. 90/2017**M****og****vátryggingafélagið V vegna fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna málskostnaðartryggingu.****Gögn.**

Málskot, dags. 13.03.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, vátryggingafélag, dags. 29.03.2017.

Málsatvik.

Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN) höfðaði mál gegn kæranda (M) og móður hans (K) á árinu 2014. Málið var fellt niður í lok árs 2015. LÍN var gert að greiða M og K málskostnað að fjárhæð kr. 550.000. Raunverulegur málskostnaður þeirra var kr. 1.155.970 og óskaði M eftir því að V greiddi mismuninn eða kr. 605.970. V neitaði að greiða allan mismuninn og greiddi hluta M í eftirstöðvum málskostnaðarins að frádreginni eigin áhættu eða kr. 242.385.

M telur að hann eigi rétt á greiðslu alls málskostnaðarins úr heimilistryggingu hjá V. Honum hafi verið nauðsynlegt að taka til varna í dómsmálinu og hann hafi greitt allan málskostnaðinn þar sem K hafi verið alvarlega veik og síðan látist í lok apríl 2015. M beri gagnvart lögmanni sínum ábyrgð á öllum málskostnaðinum og þar sem ekkert samkomulag hafi verið um skiptingu ábyrgðar beri M in solidum ábyrgð með K á málskostnaðinum. M vísar í að í vátryggingaskilmálunum komi fram að vátryggður eigi að fá greiddan málskostnað sem hann geti ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Það sé því ekki kveðið á um það að aðild annars aðila að máli kunni að skerða rétt vátryggðs til greiðslu bóta. Því séu engin ákvæði í vátryggingaskilmálunum sem takmarki greiðslur málskostnaðar vegna aðildar annars aðila í sama máli. M áréttar að ákvæði staðlaðra skilmála í vátryggingasamningum sem undanþiggja vátryggingafélög ábyrgð þurfi að vera skýrt orðuð og vísar í því sambandi til Hæstaréttardóma í málum nr. 343/2000, 225/2007 og 266/2008.

V tekur undir að skilmálar félagsins taki ekki á beint á því atviki sem hér um ræðir enda gefi augaleið að vátryggingin gildi bara fyrir málskostnað M en ekki annarra sem komi að málaferlunum. Mörg fordæmi séu fyrir því að svo sé túlkunin í málum þar sem fleiri en einn séu saman í málaferlum. V ítrekar að því sé með öllu óviðkomandi hvernig samningi milli M og K hafi verið háttáð um greiðslu lögmannskostnaðar og einnig hvernig samningur hafi verið gerður við lögmanninn. Félagið lítur því svo á að með greiðslu helmings kostnaðar þá hafi félagið greitt að fullu kostnað M vegna málaferlanna.

Í bréfi V til úrskurðarefndarinnar kemur fram að félagið telji ekki vera til staðar ágreiningur um bótaskyldu þar sem félagið hafi samþykkt bótaskyldu úr málskostnaðartryggingunni heldur sé ágreiningur um bótafjárhæð sem félagið samþykki ekki að nefndin úrskurði um.

Álit.

Fyrir liggur að V hefur greitt helming útistandandi málskostnaðar eða þann hluta sem V telur sig eiga að greiða fyrir M vegna réttaraðstoðartryggingar hans sem er hluti af heimilisvernd 3, skilmála E-33. Í skilmálanum kemur fram að vátryggingin gildir fyrir vátryggðan sem einstakling. Þá kemur fram að félagið greiði vegna hvers tjóns, nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem vátryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Einnig liggur fyrir að M og K tóku bæði til varna í dómsmálinu. Skilmálinn er skýr um að vátryggingin gildir fyrir vátryggðan. Vátryggður er vátryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald.

Í þessu máli er ekki fjallað um bótafjárhæðir málskostnaðar heldur snýr málið að því hvort bótaskylda V nái yfir málskostnað K í dómsmálinu. Úrskurðarnefndin telur því að ágreiningur málsins snúist um bótaskyldu.

Í dómsmálinu var bæði M og K stefnt og bæði tóku til varna. Þau höfðu sama lögmann og báru bæði ábyrgð á málskostnaðinum. Að öllu jöfnu má ganga út frá því að hver aðili fyrir sig greiði sinn hluta

vegna sameiginlegs málskostnaðar. Skilmáli heimilisverndar er skýr um að réttaraðstoðartrygging geti aðeins gilt fyrir vátryggðan einstakling. Af þeim sökum telur úrskurðarnefndin að vátryggður aðili geti einungis fengið sinn hluta í málskostnaði greiddan úr réttaraðstoðartryggingu vegna heildarmálskostnaðar í dómsmáli.

Með vísan til framangreinds á M einungis rétt á greiðslu málskostnaðar vegna hans hluta í málskostnaði vegna dómsmálsins.

Niðurstaða.

M á rétt á greiðslu málskostnaðar vegna hans hluta í málskostnaði dómsmálsins.

Reykjavík, 16. maí 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.